



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FYRIRLESTRAFERÐ FORSETA ÍSLANDS TIL BANDARÍKJANNA

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur í dag, mánudaginn 7. nóvember, í fyrirlestraferð til Bandaríkjana og heimsækir þar þrjá háskóla.

Á morgun þriðjudag flytur forseti minningarfyrirlestur Vilhjálms Stefánssonar við Dartmouth College í New Hampshire. Fyrirlesturinn er haldinn í boði Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og The Institute of Arctic Studies við Dartmouth háskóla en Vilhjálmur starfaði síðustu æviárin við þennan háskóla sem hýsir bókasafn hans. Fyrirlestur forseta mun fjalla um sjálfstæði og alþjóðasamstarf í ljósi reynslu Íslands, þjóðernishyggju og hnattvæðingar.

Á miðvikudaginn heimsækir forseti Williams College í Massachusetts þar sem efnt verður til samræðufundar forseta með dr. Magnúsi Bernharðssyni, prófessor í sagnfræði, um ímynd Íslands og alþjóðlega stöðu

Fimmtudaginn 10. nóvember heimsækir forseti svo Cornell háskóla í Íþöku í New York ríki en sá skóli hefur átt margþætt samstarf við Íslendinga. Fyrsti bókavörður skólans, Daniel Willard Fiske, var mikill Íslandsvinur og safnaði íslenskum bókum sem nú eru varðveittar í safni skólans. Á undanförunum árum hefur Cornell átt í samstarfi við Geothermal Resource Park á Íslandi um nýtingu jarðhita og af því tilefni

verða nokkrir fulltrúar GRP og íslenskra stjórnvalda í för með forseta í þessari heimsókn. Forseti mun flytja fyrirlestur í Cornell sem ber heitið „Can small states make a difference? The case of Iceland on the international scene.“

Forseti flýgur aftur til Íslands á föstudag.

*7. nóvember 2022*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*